

Conveen Optima

Uridom sem situr vel

Leiðbeiningar um notkun



Umboð á Íslandi:
Icepharma ehf,
Lynghálsi 13
110 Reykjavík
Sími:5204316, 5204326

CC0104



Val á uridomi:

Það er mikilvægt að velja rétta stærð og lengd á uridomi. Notið **Conveen Optima** mælispjaldið til að finna rétta stærðina.



Það á einungis að nota uridom á þeim tíma sólarhringsins sem notandi hefur ekki stjórn á þvaglátum (t.d. að nóttu til). Tímabilið er metið með vökvaskema. Uridomið má vera á í 24 klukkustundir.

Hreinlæti:

Neðanþvott er nauðsynlegt að framkvæma einu sinni á sólarhring, eða oftar ef þörf er á.

Ef skipt er um uridom oftar en einu sinni á sólarhring er mælt með að þvo með Conveen EasiCleanse.

Forðist að nota krem eða púður, því það getur minnkað viðloðun uridomsins og þannig stýtt endingartímann.

Að setja uridom á:

Þegar uridom er sett á karlmenn með lítinn lim eða lim sem er inn-dreginn getur það hjálpað ef einstaklingur liggur á hliðinni, því í þeirri stellingu fellur limurinn fram.

Brjótið svampþvottaklút saman í miðju 2svar sinnum. Klippið lítið gat í miðjuna og sléttið síðan úr klútnum og þræðið liminn gegnum gatið til þess að halda uridominu og skapahárunum aðskildum. Hendið svampþvottaklútnum þegar uridomið er komið á.

Þegar uridomið er sett á, á að vera 1-2 sm bil milli glans og frárennslisstútsins til að tryggja frítt rennsli.

Það á **EKKI** að draga forhúðina aftur.

Conveen Optima



Haldið með annarri hendi um neðri hluta öskjunnar og þrýstið efri hluta öskjunnar upp með þumalfingri hinnar handarinnar (1) og askjan opnast (2).



Haldið um frárennslisstút uridomsins setjið uridomið yfir glans. Munið að hafa 1-2 sm bil milli glans og frárennslisstútsins. Togið varlega í tvöfalda bandið með hinni hendinni og uridomið festist við liminn. Ef tvöfalda bandið situr fast þegar búið er að rúlla uridominu upp á liminn er rétt að prufa styttri gerðina.



Þrýstið varlega á uridomið til að tryggja góða viðloðun. Það er ekki þörf á að gera meira til að festa uridomið. Uridomið má vera á í allt að 24 klukkustundir áður en skipt er. Það er ekki hægt að nota uridomið aftur.



Tengid uridomið við þvagpoka með því að setja þvagpokatengið við frárennslisstút uridomsins. Við endann á frárennslisstút uridomsins er lítil tengihringur sem gerir það svo auðvelt að mjaka uridominu upp á þvagpokatengið.



Uridom fjarlægð. Rúllið uridominu varlega niður. Til að losa límið er er gott að nota örlítið vatn eða baðolíu.

Eftir fyrstu notkun er mikilvægt að skoða liminn m.t.t. stasa, þrýstings eða roða.